Síldarvinnslan hf

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu 1. janúar - 30. september 2023

## Efnisyfirlit

**bls.**

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .......... **2**
Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2023 .......... **3**
Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2023 .......... **4**
Efnahagsreikningur samstæðu 30. september 2023 .......... **5 - 6**
Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2023 .......... **7**
Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2023 .......... **8**
Skýringar .......... **9 - 15**

**Síldarvinnslan hf.**
Kennitala 570269-7479
Hafnarbraut 6, Neskaupstað

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi samstæðunnar

Samstæða Síldarvinnslunnar hf. er í dag með öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og byggir starfsemin á yfir 60 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Samstæðan er ein sú stærsta á Íslandi í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi.

Samstæðan samanstendur af móðurfélaginu Síldarvinnslunni hf. og dótturfélögum sem eru í lok tímabilsins Bergur-Huginn ehf., Bergur ehf., Fóðurverksmiðjan Laxá hf., Fjárfestingafélagið Vör ehf., Vísir ehf., Sjávarmál ehf., Daðey ehf., Mar Guesthouse ehf., Samvís ehf., Vísir Gmbh., Þorvís ehf., DSFU og Pytheas Seafood P.C.

## Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 317,9 milljónum dollara á tímabilinu og hagnaður af rekstrinum nam 62,8 milljónum dollara. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 1.083,2 milljónum dollara í lok tímabilsins og eigið fé nam 617,3 milljónum dollara en þar af var hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðunnar 3,1 milljónir dollara. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 57,0% í lok tímabilsins.

*Kaup á helmingshlut í sölufélaginu Ice Fresh Seafood ehf.*

Þann 26. september síðastliðinn var skrifað undir kaup Síldarvinnslunnar hf. á helmingshlut í sölufyrirtækinu Ice Fresh Seafood ehf. Kaupin eru háð niðurstöðu áreiðanleikakönnunnar og samþykki Samkeppniseftirlitsins á þeim. Áhrif kaupanna verða ekki færð í efnahagsreikning samstæðunnar fyrr en öllum skilyrðum hefur verið fullnægt og fyrirvörum aflétt. Sjá nánar skýringu 9.

*Niðurfærsla lífmassa hjá hlutdeildarfélaginu Arctic Fish*

Á þriðja ársfjórðungi varð hlutdeildarfélagið Arctic Fish fyrir tjóni vegna laxa- og fiskilúsa. Afkoma félagsins er neikvæð um EUR 16,2 milljónir (USD 17.6 milljónir) á þriðja ársfjórðungi, meðal annars vegna niðurfærslu á lífmassa. Hlutdeild Síldarvinnslunar í afkomu Arctic Fish á þriðja ársfjórðungi er neikvæð um USD 3,8 milljónir. Sjá nánar skýringu 9.

## Atburðir eftir lok reikningsskiladags

*Vegna atburða í Grindavík*

Vísir ehf., dótturfélag Síldarvinnslunnar hf., sem er með starfsemi sína í Grindavík, hefur ekki farið varhluta af þeim jarðhræringum sem verið hafa á svæðinu. Starfsemi í vinnslu félagsins í Grindavík hefur legið niðri eftir að bærinn var rýmdur þann 10. nóvember sl. Útgerð félagsins hefur ekki stöðvast en hægt hefur verið á skipum og dregið úr þorskveiði á meðan línur skýrast betur. Tekist hefur að koma öllum birgðum og hluta lausamuna í burtu frá Grindavík. Eignir félagsins eru ekki á skilgreindu hættusvæði og starfsmenn Vísis sem farið hafa um eignirnar hafa ekki orðið varir við tjón á þeim. Ekki er útséð með hvert tjón félagsins verður af þessum atburðum enda ríkir enn óvissa með framvindu mála. Sjá nánar skýringu 10.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum ársreikninga. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum samstæðunnar.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2023, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. september 2023. Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar hf. staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2023 með undirritun sinni.

Neskaupstaður, 23. nóvember 2023.

Þorsteinn Már Baldvinsson
Stjórnarformaður

Anna Guðmundsdóttir
Meðstjórnandi

Baldur Már Helgason
Meðstjórnandi

Erla Ósk Pétursdóttir
Meðstjórnandi

Guðmundur Rafnkell Gíslason
Meðstjórnandi

Gunnþór Ingvason
Forstjóri

# Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2023

| | | Þriðji ársfjórðungur | | Fyrstu níu mánuðir ársins | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | 2023 | 2022 | 2023 | 2022 |
| | Skýringar | 1.7-30.9 | 1.7-30.9 | 1.1-30.9 | 1.1-30.9 |
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Seldar vörur .................................................. | | 106.827.513 | 79.257.118 | 317.812.911 | 246.912.240 |
| Hagnaður af sölu eigna ................................ | | 21.609 | 0 | 66.170 | 0 |
| | | 106.849.122 | 79.257.118 | 317.879.081 | 246.912.240 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara ........................... | | 43.537.591 | 32.476.445 | 137.600.320 | 108.542.402 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður .................... | | 25.187.271 | 17.062.383 | 77.023.452 | 48.145.241 |
| Annar rekstrarkostnaður ............................... | | 2.440.016 | 1.476.809 | 6.895.939 | 6.151.491 |
| | | 71.164.878 | 51.015.637 | 221.519.711 | 162.839.134 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)** | | 35.684.244 | 28.241.481 | 96.359.370 | 84.073.106 |
| Afskriftir fastafjármuna .................................. | 4 | 4.459.597 | 2.777.567 | 13.822.879 | 8.979.232 |
| Rekstrarhagnaður ....................................... | | 31.224.647 | 25.463.914 | 82.536.491 | 75.093.874 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur ............................. | | 1.077.873 | 88.457 | 2.959.841 | 329.165 |
| Vaxtagjöld og verðbætur ............................... | | (5.279.973) | (2.023.509) | (15.144.502) | (4.144.901) |
| Gengismunur ................................................ | | 1.826.660 | (1.736.795) | 7.133.604 | 3.751.992 |
| Tekjur af verðbréfum og afleiðusamningum ................................ | | 643.636 | 565.347 | 4.750.521 | 4.281.575 |
| | | (1.731.804) | (3.106.500) | (300.536) | 4.217.831 |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga .................... | | (3.208.710) | (862.448) | (2.948.397) | (586.750) |
| | | (3.208.710) | (862.448) | (2.948.397) | (586.750) |
| Hagnaður af sölu hlutdeildarfélags ................ | | 0 | 0 | 0 | 253.458 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 26.284.133 | 21.494.966 | 79.287.558 | 78.978.413 |
| Tekjuskattur .................................................. | | (6.218.252) | (4.875.720) | (16.473.134) | (16.190.489) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 20.065.881 | 16.619.246 | 62.814.424 | 62.787.924 |
| Hagnaður skiptist á eftirfarandi hátt: ............. | | | | | |
| Eigendur félagsins ........................................ | | 19.964.462 | 16.677.780 | 62.278.439 | 62.693.108 |
| Hlutdeild minnihluta ...................................... | | 101.419 | (58.534) | 535.985 | 94.816 |
| | | 20.065.881 | 16.619.246 | 62.814.424 | 62.787.924 |
| **Hagnaður á hlut** | | | | | |
| Hagnaður eigenda félagsins á útistandandi hlut ..................................... | | 0,0105 | 0,0098 | 0,0342 | 0,0369 |

| | |
|---|---|
| **Starfsþáttayfirlit** | 3 |
| **Ársfjórðungsyfirlit** | 11 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

# Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2023

| | Þriðji ársfjórðungur | | Fyrstu níu mánuðir ársins | |
|---|---|---|---|---|
| | **2023** | **2022** | **2023** | **2022** |
| | **1.7-30.9** | **1.7-30.9** | **1.1-30.9** | **1.1-30.9** |
| **Hagnaður tímabilsins** | 20.065.881 | 16.619.246 | 62.814.424 | 62.787.924 |
| **Önnur heildarafkoma** | | | | |
| *Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:* | | | | |
| Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum ............................ | 4.763.219 | (7.774.939) | (5.389.425) | (9.381.997) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | 24.829.100 | 8.844.307 | 57.424.999 | 53.405.927 |
| Heildarafkoma skiptist á eftirfarandi hátt: | | | | |
| Eigendur félagsins .................................................................... | 24.767.218 | 9.095.451 | 56.821.439 | 53.636.481 |
| Hlutdeild minnihluta .................................................................. | 61.882 | (251.144) | 603.560 | (230.554) |
| | 24.829.100 | 8.844.307 | 57.424.999 | 53.405.927 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.



*Fjárhæðir í bandarískum dollurum (USD)*

# Efnahagsreikningur samstæðu 30. september 2023

| Eignir | Skýringar | 30.9.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | |
| Fiskveiðiheimildir | | 489.429.756 | 494.110.123 |
| | | 489.429.756 | 494.110.123 |
| Rekstrarfjármunir: | 4 | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | 212.105.207 | 219.235.327 |
| Fastafjármunir í smíðum | | 25.424.074 | 15.406.322 |
| Leiguréttindi | | 2.591.132 | 2.803.034 |
| | | 240.120.413 | 237.444.683 |
| Fjárfestingar: | | | |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | | 134.466.344 | 139.191.201 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 2.807.578 | 2.449.335 |
| Skuldabréfaeign | | 77.827 | 74.945 |
| | | 137.351.749 | 141.715.481 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 866.901.918 | 873.270.287 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Skuldabréfaeign | | 118.647 | 115.872 |
| Birgðir | 5 | 89.034.617 | 58.937.844 |
| Viðskiptakröfur | 6 | 51.396.126 | 38.995.823 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 9.426.586 | 9.630.365 |
| Handbært fé | | 64.777.129 | 77.289.688 |
| | | 214.753.105 | 184.969.592 |
| Fastafjármunir sem haldið er til sölu | | 1.534.733 | 1.534.733 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 216.287.838 | 186.504.325 |
| **Eignir samtals** | | 1.083.189.756 | 1.059.774.612 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

# Efnahagsreikningur samstæðu 30. september 2023

| Eigið fé og skuldir | Skýringar | 30.9.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 15.122.610 | 15.122.610 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 126.764.582 | 126.764.582 |
| Annað bundið eigið fé | | 43.796.480 | 38.733.766 |
| Óráðstafað eigið fé | | 428.515.071 | 402.096.549 |
| | | 614.198.743 | 582.717.507 |
| Hlutdeild minnihluta | | 3.145.025 | 2.541.465 |
| | | 617.343.768 | 585.258.972 |
| **Skuldir** | | | |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar: | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 7 | 201.397.537 | 217.769.366 |
| Leiguskuldbinding | | 1.554.787 | 1.516.430 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 99.894.007 | 100.753.122 |
| | | 302.846.331 | 320.038.918 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 7 | 10.349.831 | 39.851.836 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 7 | 86.188.799 | 68.006.240 |
| Reiknaðir skattar ársins | | 16.635.895 | 14.300.900 |
| Viðskiptaskuldir | | 26.414.844 | 18.891.208 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 21.137.689 | 10.143.843 |
| Skuldir við tengd félög | 8 | 2.272.599 | 3.282.695 |
| | | 162.999.657 | 154.476.722 |
| **Skuldir samtals** | | 465.845.988 | 474.515.640 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.083.189.756 | 1.059.774.612 |

| | |
|---|---|
| **Aðrar upplýsingar** | 9 |
| **Atburðir eftir lok reikningstímabils** | 10 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

# Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2023

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Annað eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar - 30. sept. 2022:** | | | | | | |
| Staða í ársbyrjun .............. | 14.096.600 | 17.588.283 | 31.137.925 | 357.037.020 | 2.661.403 | 422.521.231 |
| *Heildarafkoma:* | | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins ........ | | | | 62.693.108 | 94.816 | 62.787.924 |
| Þýðingarmunur ................. | | | (9.056.627) | | (325.370) | (9.381.997) |
| Bundinn | | | | | | |
| - hlutdeildarreikningur .... | | | 4.085.504 | (4.085.504) | | 0 |
| - gangvirðisreikningur .... | | | (565.417) | 565.417 | | 0 |
| | 0 | 0 | (5.536.540) | 59.173.021 | (230.554) | 53.405.927 |
| *Eigendur:* | | | | | | |
| Greiddur arður .................. | | | | (26.517.519) | | (26.517.519) |
| Staða í lok tímabils ........... | 14.096.600 | 17.588.283 | 25.601.385 | 389.692.522 | 2.430.849 | 449.409.639 |

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Annað eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar - 30. sept. 2023:** | | | | | | |
| Staða í ársbyrjun .............. | 15.122.610 | 126.764.582 | 38.733.766 | 402.096.549 | 2.541.465 | 585.258.972 |
| *Heildarafkoma:* | | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins ........ | | | | 62.278.439 | 535.985 | 62.814.424 |
| Þýðingarmunur ................. | | | (5.457.000) | | 67.575 | (5.389.425) |
| Bundinn | | | | | | |
| - hlutdeildarreikningur .... | | | 10.230.577 | (10.230.577) | | 0 |
| - gangvirðisreikningur .... | | | 289.137 | (289.137) | | (0) |
| | 0 | 0 | 5.062.714 | 51.758.725 | 603.560 | 57.424.998 |
| *Eigendur:* | | | | | | |
| Greiddur arður ................. | | | | (25.340.203) | | (25.340.203) |
| Staða í lok tímabils ........... | 15.122.610 | 126.764.582 | 43.796.480 | 428.515.071 | 3.145.025 | 617.343.768 |

Aðalfundur Síldarvinnslunnar hf. vegna rekstrarársins 2022 var haldinn 18. apríl 2023. Á aðalfundinum samþykktu hluthafar tillögu stjórnar um að greiða hluthöfum arð að fjárhæð 3.437 milljónir kr. (25,3 milljónir USD) sem jafngildir 1,86 krónum á hlut (2022: 2,01 króna á hlut). Arðurinn var greiddur þann 26. apríl 2023.

Há fjárhæð þýðingarmunar á tímabilinu er vegna dótturfélaganna Bergs-Hugins ehf. sem gerir upp í íslenskum krónum (ISK) og Vísis ehf. sem gerir upp í evrum (EUR). Á þriðja ársfjórðungi skipti hlutdeildarfélagið Arctic Fish um starfsrækslugjaldmiðil úr norskum krónum (NOK) yfir í evrur (EUR). Vegna þessa er færður jákvæður þýðingarmunur á þriðja ársfjórðungi uppá USD 9,3 milljónir en á fyrstu sex mánuðum ársins var búið að færa neikvæðan þýðingarmun að fjárhæð USD 9,9 milljónir. Þann 30. september 2023 er þýðingarmunurinn vegna Arctic Fish því samtals neikvæður um USD 0,6 milljónir.

# Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2023

| | Skýringar | 2023<br>1.1-30.9 | 2022<br>1.1-30.9 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 62.814.424 | 62.787.924 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 4 | 13.822.879 | 8.979.232 |
| Aðrir liðir | | 662.447 | 725.481 |
| Hreint veltufé frá rekstri | | 77.299.750 | 72.492.637 |
| Hækkun rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | (12.176.350) | (2.391.453) |
| Birgðir | | (29.780.535) | (21.056.677) |
| Hækkun rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 18.126.978 | 8.181.359 |
| | | (23.829.907) | (15.266.771) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 53.469.843 | 57.225.866 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | (3.675.449) | (6.298.642) |
| Fjárfest í fastafjármunum í smíðum | 4 | (12.970.377) | (15.908.800) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | 1.013.420 | (241.909) |
| Seldir eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | | 0 | 326.361 |
| Arður frá hlutdeildarfélögum | | 206.201 | 278.081 |
| Keyptir eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | | 0 | (114.999.222) |
| Seldir eignarhlutar í öðrum félögum | | 0 | 751.442 |
| | | (15.426.205) | (136.298.155) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Nýjar langtímaskuldir | 7 | 32.364.315 | 83.030.127 |
| Afborganir langtímaskulda | 7 | (28.167.749) | (7.624.895) |
| Greiddur arður | | (25.340.203) | (26.517.519) |
| Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir | | (29.648.300) | (1.196.252) |
| | | (50.791.937) | 47.691.461 |
| **Lækkun á handbæru fé** | | (12.748.299) | (31.380.828) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 77.289.688 | 79.856.239 |
| Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga | | 235.740 | (1.031.392) |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 64.777.129 | 47.444.019 |
| **Aðrar upplýsingar** | | | |
| Innborgaðir vextir og arðstekjur | | 1.167.810 | 298.747 |
| Greiddir vextir | | (16.541.262) | (5.170.446) |
| Greiddir skattar | | (7.108.448) | (6.059.464) |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.



*Fjárhæðir í bandarískum dollurum (USD)*

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Síldarvinnslan hf. (,,félagið") er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hafnarbraut 6, Neskaupstað. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem ,,samstæðunnar" og til einstakra félaga sem ,,samstæðufélaga". Aðalstarfsemi félagsins er rekstur fiskvinnslu og útgerð.

Árshlutareikningur samstæðunnar var samþykktur á stjórnarfundi félagsins þann 23. nóvember 2023.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Síldarvinnslunnar hf. fyrir tímabilið janúar til september 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2022.

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2022. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

### 2.2 Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings samstæðu þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 2.3 Samanburðarfjárhæðir í samstæðunni

Samstæða Síldarvinnslunnar tók breytingum á árinu 2022. Breytingarnar felast í kaupum á öllum hlutum í útgerðarfélaginu Vísir ehf., en að loknum þeim kaupum varð Síldarvinnslan eigandi að öllum hlutum félagsins og það var tekið inn í samstæðu Síldarvinnslunar frá 1. desember 2022. Vegna þessa er Vísir ehf. ekki inni í samanburðarfjárhæðum í rekstrarreikningi og sjóðsstreymi Síldarvinnslunnar.

## 3. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþættir eru skilgreindir í samræmi við eðli rekstrar og innri skýrslugjöf samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir hjá sér tvo starfsþætti, *Útgerð* og *Landvinnslu*. Aðrir starfsþættir falla undir liðinn *Annað*. Jöfnunarfærslur hafa verið endurflokkaðar frá fyrsta ársfjórðungi.

| **1.1 - 30.9. 2023** | Útgerð | Landvinnsla | Annað | Eigin afli | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur .................. | 139.539.013 | 256.221.838 | 29.722.447 | (97.062.056) | (10.608.331) | 317.812.911 |
| Hagnaður af af sölu eigna .............. | 0 | 714 | 65.456 | 0 | 0 | 66.170 |
| Kostnaðarverð seldra vara ................. | 44.039.560 | 175.126.491 | 26.104.657 | (97.062.056) | (10.608.331) | 137.600.320 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsm.kostn. ...... | 48.957.462 | 21.889.632 | 6.176.358 | 0 | 0 | 77.023.452 |
| Annar rekstrarkostn. ....... | 1.601.228 | 1.348.242 | 3.946.470 | 0 | 0 | 6.895.939 |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir ................ | 44.940.763 | 57.858.188 | (6.439.581) | 0 | 0 | 96.359.370 |
| Afskriftir fastafjármuna ... | (8.638.290) | (4.835.979) | (348.610) | 0 | 0 | (13.822.879) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | | | | (300.536) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | | | | | | (2.948.397) |
| Tekjuskattur .................. | | | | | | (16.473.134) |
| Hagnaður tímabilsins ..... | | | | | | 62.814.424 |
| Fjárfestingar .................. | (89.201) | (16.455.605) | (101.020) | 0 | 0 | (16.645.826) |
| Rekstrarfjármunir ........... | 61.727.412 | 170.188.741 | 8.204.260 | 0 | 0 | 240.120.413 |
| Óefnislegar eignir, óskiptar | | | | | | 489.429.756 |
| Aðrar eignir, óskiptar ...... | | | | | | 353.639.587 |
| Skuldir, óskiptar ............ | | | | | | (465.845.988) |

# Skýringar

## 3. Starfsþáttayfirlit (framhald)

| | Útgerð | Landvinnsla | Annað | Eigin afli | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1.1. - 30.9. 2022** | | | | | | |
| Seldar vörur .................. | 105.816.689 | 188.434.418 | 18.982.246 | (56.114.088) | (10.207.025) | 246.912.240 |
| Kostnaðarverð seldra vara ................. | 39.032.519 | 119.057.864 | 16.773.132 | (56.114.088) | (10.207.025) | 108.542.402 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsm.kostn. ...... | 33.459.883 | 12.014.329 | 2.671.029 | 0 | 0 | 48.145.241 |
| Annar rekstrarkostn. ....... | 2.021.189 | 1.889.783 | 2.240.519 | 0 | 0 | 6.151.491 |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir ............... | 31.303.098 | 55.472.442 | (2.702.434) | 0 | 0 | 84.073.106 |
| Afskriftir fastafjármuna ... | (6.086.562) | (2.762.100) | (130.570) | 0 | 0 | (8.979.232) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | | | | 4.217.831 |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | | | | | | (586.750) |
| Hagnaður af sölu hlutdeildarfélags | | | | | | 253.458 |
| Tekjuskattur .................. | | | | | | (16.190.489) |
| Hagnaður tímabilsins ..... | | | | | | 62.787.924 |
| Fjárfestingar .................. | (89.201) | (21.988.210) | (130.031) | 0 | 0 | (22.207.442) |
| Rekstrarfjármunir ........... | 115.298.721 | 74.607.361 | 4.234.458 | 0 | 0 | 194.140.540 |
| Óefnislegar eignir, óskiptar | | | | | | 264.580.451 |
| Aðrar eignir, óskiptar ...... | | | | | | 275.869.818 |
| Skuldir, óskiptar ............ | | | | | | (285.181.170) |

## 4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir felast í varanlegum rekstrarfjármunum og fjárfestinga í smíðum. Leiguréttindi eru jafnframt flokkuð meðal rekstrarfjármuna. Varanlegir rekstrarfjármunir sundurliðast þannig:

| | Fasteignir og lóðir | Skip og fylgihlutir | Verksmiðju-vélar og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Í lok tímabils 30.9.2023:** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun ........................................................ | 42.400.658 | 133.586.644 | 43.248.024 | 219.235.327 |
| Viðbót tímabilsins ................................................................. | 1.311.941 | 99.185 | 2.264.323 | 3.675.449 |
| Bókfært verð seldra eigna .................................................... | (952.625) | 0 | (31.693) | (984.318) |
| Flutt af fastafjármunum í smíðum ......................................... | 2.952.625 | 0 | 0 | 2.952.625 |
| Áhrif gengisbreytinga ............................................................ | 75.378 | 729.737 | 42.888 | 848.003 |
| Afskriftir ................................................................................ | (1.457.760) | (8.488.192) | (3.675.927) | (13.621.879) |
| Bókfært verð í lok tímabils ..................................................... | 44.330.217 | 125.927.374 | 41.847.615 | 212.105.207 |

| | Fasteignir og lóðir | Skip og fylgihlutir | Verksmiðju-vélar og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Bókfært verð í lok 30.9.2023 greinist þannig: | | | | |
| Kostnaðarverð ....................................................................... | 90.878.077 | 195.287.131 | 131.222.981 | 417.388.189 |
| Afskrifað samtals .................................................................. | (46.547.860) | (69.359.757) | (89.375.366) | (205.282.983) |
| Bókfært verð í lok tímabils ..................................................... | 44.330.217 | 125.927.374 | 41.847.615 | 212.105.207 |
| Afskriftahlutfall á ári .............................................................. | 0-6% | 4-10% | 6-20% | |

# Skýringar

## 4. Rekstrarfjármunir (framhald)

| Afskriftir greinast þannig: | 1.1.-30.9.2023 | 1.1.-30.9.2022 |
|---|---|---|
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna | 13.621.879 | 8.932.527 |
| Afskriftir leiguréttinda | 201.000 | 46.705 |
| | 13.822.879 | 8.979.232 |

**Fastafjármunir í smíðum**

*Fiskimjölsverksmiðja í Neskaupstað*

Á árinu 2021 hófust framkvæmdir við stækkun fiskimjölsverksmiðju og löndunarhúss Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Löndunarhúsið er stækkað um 300 fermetra og í því verður komið fyrir búnaði sem mun tvöfalda afköstin við vinnslu á loðnuhrognum. Hrognavinnslan hefur verið tekin í notkun og var fjárfesting vegna hennar flutt á varanlega rekstrarfjármuni á árinu 2022, alls 5,7 milljónir USD. Stækkun fiskimjölsverksmiðjunnar er hins vegar skipt í tvo áfanga. Í fyrri áfanganum er reist 2000 fermetra verksmiðjuhús og komið upp lítilli verksmiðjueiningu sem á að geta afkastað 380 tonnum á sólarhring. Litlu verksmiðjueiningunni er fyrst og fremst ætlað að vinna afskurð frá fiskiðjuveri félagsins auk þess sem hún mun nýtast við þróunarverkefni og spara töluverða orku. Litla verksmiðjan fór í notkun í október 2022. Kostnaður vegna hennar var samtals 21 milljónir USD. Í síðari áfanganum verður komið upp búnaði sem eykur afkastagetu verksmiðjunnar úr 1.800 tonnum á sólarhring í 2.380 tonn. Áætlaður kostnaður við þá framkvæmd er um 27 milljónir USD. Áætluð verklok þessarra framkvæmda eru seinni hluta ársins 2023. Heildarkostnaður verksins í lok tímabils nemur um 23,3 milljónir USD, en að auki eru um 2,1 milljónir vegna annarra smærri verkefna, samtals 25,4 milljónir.

Greiðslur og kostnaður vegna nýsmíða eru sem hér greinir:

| **Breytingar á kostnaði vegna fastafjármuna í smíðum** | 1.1.-30.9.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Heildarverð í ársbyrjun | 15.406.322 | 19.037.704 |
| Fjárfesting tímabilsins | 12.970.377 | 25.263.520 |
| Flutt á varanlega rekstrarfjármuni | (2.952.625) | (28.714.428) |
| Áhrif gengisbreytinga | 0 | (180.474) |
| Heildarverð í lok tímabils | 25.424.074 | 15.406.322 |

**Leiguréttindi**

Félög innan samstæðunnar hafa gert langtímaleigusamninga um leigu á nótahólfum. Samingarnir eru til 25 ára en leigutaki hefur rétt til ótímabundinnar framlengingar á leigu að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Umsamin leigufjárhæð var öll greidd á árinu 2019 og færð sem langtímakrafa. Á árinu 2022 voru tvö nótahólf tekin til viðbótar á leigu og umsamin leigufjárhæð öll greidd í byrjun árs 2022. Leiguréttindin eru afskrifuð á 25 árum. Þróun leigueignar greinist þannig á árinu:

| | 1.1.-30.9.2023 | 1.1.-30.9.2022 |
|---|---|---|
| Leiguréttindi í upphafi árs | 2.803.034 | 1.089.809 |
| Viðbót | 0 | 168.563 |
| Afskrift leiguréttinda | (201.000) | (46.705) |
| Áhrif gengisbreytinga | (10.902) | 0 |
| | 2.591.132 | 1.211.667 |

# Skýringar

## 5. Birgðir

| Birgðir greinast þannig: | 30.9.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Hráefni | 3.330.942 | 6.901.420 |
| Fullunnar afurðabirgðir | 72.932.783 | 40.530.885 |
| Rekstrarvörur | 4.291.652 | 3.535.156 |
| Veiðarfæri | 8.479.240 | 7.970.383 |
| | 89.034.617 | 58.937.844 |

Fullunnar afurðabirgðir voru að kostnaðarverði 72,9 milljónir dollara þann 30.9.2023 samanborið við 40,5 milljónir dollara þann 31.12.2022. Að mati stjórnenda mun skilaverð fullunninna afurðabirgða í lok tímabils nema allt að 95,8 milljónum dollara í samanburði við 54,7 milljónir dollara í lok árs 2022.

Vörubirgðir félagsins á reikningsskiladegi eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði í lok september 2023 og byggir m.a. á útreikningum um framlegð og öðrum viðeigandi forsendum.

## 6. Viðskiptakröfur

| Viðskiptakröfur greinast þannig: | 30.9.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Almennar viðskiptakröfur | 15.475.420 | 20.819.990 |
| Viðskiptakröfur á tengd félög (sjá skýringu 8) | 36.335.810 | 18.985.680 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (415.103) | (809.847) |
| | 51.396.126 | 38.995.823 |

Kröfur á tengda aðila eru tilgreindar með viðskiptakröfum í efnahagsreikningi en kröfurnar eru allar tilkomnar vegna reglubundinna viðskipta. Á meðal krafna á tengda aðila er krafa á sölufyrirtækið Ice Fresh Seafood ehf., sem er söluumboðsfyrirtæki Síldarvinnslunnar og telst vera tengdur aðili. Á bak við kröfuna eru fjölmargar kröfur sölufyrirtækisins á aðila í ýmsum löndum. Samkvæmt samningi milli samstæðunnar og sölufyrirtækisins ber Síldarvinnslan útlánaáhættuna verði greiðslufall hjá endanlegum skuldara að kröfunni.

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

| Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig: | 30.9.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | (809.847) | (2.646.583) |
| Viðbót vegna nýs dótturfélags í samstæðu | 0 | (134.917) |
| Breyting á niðurfærslu | 396.056 | (1.315.878) |
| Tapaðar viðskiptakröfur á árinu | 9.674 | 3.270.000 |
| Áhrif gengisbreytinga | (10.986) | 17.532 |
| Staða í lok tímabils | (415.103) | (809.847) |

Samstæðan fylgir fyrirmælum alþjóðlegs reikningsskilastaðals IFRS 9 um niðurfærslu viðskiptakrafna. Viðskiptakröfur eru færðar niður með einfaldri aðferð og byggir matið á sögulegum gögnum um tapsreynslu ásamt því að horft er til efnahagslegra umhverfisþátta á reikningsskiladegi, og væntinga til framtíðar, að svo miklu leyti sem það er heimilt samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

# Skýringar

## 7. Skuldir við lánastofnanir

| Langtímaskuldir við lánastofnanir greinast þannig: | 30.9.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Skuldir í USD | 151.863.992 | 151.422.940 |
| Skuldir í EUR | 117.406.935 | 108.762.218 |
| Skuldir í GBP | 4.382.582 | 9.223.542 |
| Skuldir í NOK | 10.582.556 | 12.316.045 |
| Skuldir í JPY | 3.350.271 | 4.050.861 |
| | 287.586.336 | 285.775.606 |
| Afborganir næstu 12 mánaða | (86.188.799) | (68.006.240) |
| Langtímaskuldir í lok tímabils | 201.397.537 | 217.769.366 |

| Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig: | Skuldir við lánastofnanir |
|---|---|
| Afborganir næstu 12 mánaða | 86.188.799 |
| Afborganir á árinu 2024-2025 | 16.483.196 |
| Afborganir á árinu 2025-2026 | 41.441.385 |
| Afborganir á árinu 2026-2027 | 137.648.038 |
| Afborganir á árinu 2027-2028 | 1.372.544 |
| Afborganir síðar | 4.452.374 |
| | 287.586.336 |

| Langtímaskuldir samtals USD 287.586.336, koma þannig fram í efnahagsreikningi: | 30.9.2023 |
|---|---|
| Afborganir næstu 12 mánaða , færðar meðal skammtímaskulda | 86.188.799 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar | 201.397.537 |
| | 287.586.336 |

Samstæðan er að ljúka endurfjármögnun langtímaskulda og verður því lokið fyrir áramót, sem leiðir til lægri næsta árs afborganna.

| Breyting á langtímaskuldum greinist þannig: | 30.9.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Langtímaskuldir í upphafi árs | 285.775.606 | 122.037.404 |
| Viðbót vegna nýs félags í samstæðu | 0 | 78.201.662 |
| Tekin langtímalán | 32.364.315 | 98.508.760 |
| Afborganir langtímalána | (28.167.749) | (10.019.429) |
| Gengis- og þýðingarmunur | (2.385.836) | (2.952.791) |
| Langtímaskuldir í lok tímabils | 287.586.336 | 285.775.606 |

Hluti langtímaskulda er háður sérstökum viðmiðunum um eigið fé, framlegð og skuldsetningarhlutfall. Í lok tímabils stóðust allir skilmálar lánasamninga.

Skammtímaskuldir við lánastofnanir greinast þannig:

| | 30.9.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Skuldir í USD | 0 | 10.688.394 |
| Skuldir í EUR | 10.349.831 | 29.163.442 |
| | 10.349.831 | 39.851.836 |

# Skýringar

## 8. Tengdir aðilar

Samstæðan er í dreifðri eignaraðild. Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélög, stjórnir félaga í samstæðunni, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa veruleg áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| **Tímabilið 1. janúar - 30. september 2023** | Seldar vörur og þjónusta | Keyptar vörur og þjónusta | Viðskipta-kröfur | Viðskipta-skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Hlutdeildarfélög....................................................................... | 7.541.665 | 12.507.485 | 2.016.286 | 1.269.345 |
| Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu................................. | 112.917.022 | 30.373.671 | 34.319.524 | 1.003.254 |
| | 120.458.687 | 42.881.156 | 36.335.810 | 2.272.599 |

| **Árið 2022** | Seldar vörur og þjónusta | Keyptar vörur og þjónusta | Viðskipta-kröfur | Viðskipta-skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Hlutdeildarfélög....................................................................... | 858.434 | 14.145.430 | 2.058.314 | 2.599.712 |
| Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu................................. | 103.047.658 | 31.883.549 | 16.927.366 | 682.983 |
| | 103.906.092 | 46.028.979 | 18.985.680 | 3.282.695 |

## 9. Önnur mál

***Kaup á helmingshlut í sölufélaginu Ice Fresh Seafood ehf.***

Þann 26. september síðastliðinn var skrifað undir kaup Síldarvinnslunnar hf. á helmingshlut í sölufyrirtækinu Ice Fresh Seafood ehf.

Ice Fresh Seafood ehf. hefur lengi verið leiðandi fyrirtæki í sölu- og markaðssetningu sjávarafurða frá Íslandi og hefur meðal annars séð um sölu á hluta afurða Síldarvinnslunnar og Vísis ehf. á undanförnum árum. Sölunet fyrirtækisins nær til yfir 60 landa og á bak við það er áratuga þekking og viðskiptasambönd á helstu mörkuðum fyrir íslenskt sjávarfang.

Verðmæti Ice Fresh Seafood í viðskiptunum er metið 42,9 milljónir evra sem jafngildir 1,76 sinnum bókfært virði eigin fjár þess hinn 31. desember 2022. Viðskiptin felast annars vegar í kaupum á núverandi hlutum af Samherja hf. fyrir 10,7 milljónir evra, og hins vegar útgáfu nýs hlutafjár í Ice Fresh Seafood að fjárhæð 21,5 milljónir evra. Heildarvirði Ice Fresh Seafood verður 64,4 milljónir evra eftir hlutafjáraukninguna og fjárfesting Síldarvinnslunar nemur 32,2 milljónum evra.
Samhliða þessum viðskiptum mun Ice Fresh Seafood ganga frá kaupum á eignarhlutum í erlendum sölufélögum sem fyrirtækið hefur átt í farsælu viðskiptasambandi við undanfarin ár. Um er að ræða helmingshlut í Seagold Ltd. í Bretlandi, 100% eignarhlut í Ice Fresh Seafood SAS í Frakklandi, 67% hlutafjár í Ice Fresh Seafood Spain S.L. og helmingshlut í Aquanor Marketing Inc. í Bandaríkjunum fyrir samtals 13,9 milljónir evra. Verðmæti félaganna fjögurra í þessum viðskiptum er 1,37 sinnum bókfært virði eigin fjár þeirra í árslok 2022. Félögin voru áður hluti af samstæðu Samherja Holding ehf. og unnið hefur verið að viðskiptunum frá því í lok árs 2022.
Þá mun Ice Fresh Seafood ganga frá kaupum á helmingshlut í sölufélaginu Cabo Norte S.A. á Spáni af Síldarvinnslunni fyrir 4,9 milljónir evra. Virði hlutarins byggir á því að verðmæti Cabo Norte S.A. sé 1,3 sinnum bókfært virði eigin fjár félagsins í lok árs 2022.
Velta Ice Fresh Seafood var 337 milljónir evra árið 2022 og velta erlendu sölufélaganna var 194 milljónir evra. Samanlögð velta að teknu tilliti til sölu milli félaga var 485 milljónir evra. Samanlögð EBITDA félaganna var 6,7 milljónir evra leiðrétt fyrir einskiptis kostnaði hjá Ice Fresh Seafood vegna stríðsins í Úkraínu.

Kaupin eru háð niðurstöðu áreiðanleikakönnunnar og samþykki Samkeppniseftirlitsins á þeim. Áhrif kaupanna verða ekki færð í reikningsskil samstæðunnar fyrr en öllum skilyrðum hefur verið fullnægt og fyrirvörum aflétt.

***Niðurfærsla lífmassa hjá hlutdeildarfélaginu Arctic Fish***

Síldarvinnslan á 34,2% eignarhlut í hlutdeildarfélaginu Arctic Fish, en félagið er fært sem hlutdeildarfélag hjá Síldarvinnslunni. Á þriðja ársfjórðungi varð félagið fyrir tjóni vegna laxa- og fiskilúsa. Afkoma á þriðja ársfjórðungi Arctic Fish var neikvæð um EUR 16,2 milljónir (USD 17.6 milljónir), meðal annars vegna niðurfærslu á lífmassa. Hlutdeild Síldarvinnslunnar í afkomu Arctic Fish á þriðja ársfjórðungi er neikvæð um USD 3,8 milljónir. Framleitt magn hjá Arctic Fish á árinu 2023 mun fara úr 15.000 tonnum niður í 11.500 tonn og áfram niður í 10.000 tonn árið 2024 vegna afleiðinga tjónsins.

***Samruni Síldarvinnslunnar hf. og S2002 ehf.***

Félagið S2002 ehf. sem er í 100% eigu Síldarvinnslunnar hefur verið sameinað móðurfélagi sínu undir nafni Síldarvinnslunnar hf. frá og með 1. janúar 2023.

# Skýringar

## 10. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

***Vegna atburða í Grindavík***
Vísir ehf., dótturfélag Síldarvinnslunnar hf., sem er með starfsemi sína í Grindavík, hefur ekki farið varhluta af þeim jarðhræringum sem verið hafa á svæðinu. Starfsemi í vinnslu félagsins í Grindavík hefur legið niðri eftir að bærinn var rýmdur þann 10. nóvember sl. Útgerð félagsins hefur ekki stöðvast en hægt hefur verið á skipum og dregið úr þorskveiði á meðan línur skýrast betur.

Í samráði og samvinnu við almannavarnaryfirvöld fengu stjórnendur og starfsmenn félagsins aðgang að svæðinu til verðmætabjörgunar og tókst að koma öllum birgðum og hluta lausamuna í burtu frá Grindavík. Strax var hafist handa við að auka saltfiskvinnslu í fyrirtæki félagsins í Þýskalandi og var einnig fiskur í vinnslu sendur þangað til pökkunar.

Eignir félagsins eru ekki á skilgreindu hættusvæði og starfsmenn Vísis sem farið hafa um eignirnar hafa ekki orðið varir við tjón á þeim. Þannig meta stjórnendur að það muni taka stuttan tíma að hefja vinnslu á ný þegar hættuástand líður hjá.

Mikil óvissa hefur ríkt hjá starfsfólki Vísis eins og öllum íbúum Grindavíkur frá því að jarðhræringarnar hófust. Því hefur verið lögð áhersla á að halda samskiptum við starfsfólk og styðja það með upplýsingagjöf eins og frekast er kostur.

Ekki er útséð með hvert tjón félagsins verður af þessum atburðum enda ríkir enn óvissa með framvindu mála. Vísbendingar eru uppi að hættan í Grindavík sé á undanhaldi og hægt verði að hefja vinnu við að koma starfsemi félagsins í fyrra horf.

## 11. Ársfjórðungsyfirlit

Rekstur samstæðunnar á árinu greinist þannig eftir ársfjórðungum:

| | 3 F 2023 | 2 F 2023 | 1 F 2023 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur | 106.827.513 | 79.516.215 | 131.469.183 | 317.812.911 |
| Hagnaður af sölu eigna | 21.609 | 34.682 | 9.879 | 66.170 |
| **Rekstrartekjur** | **106.849.122** | **79.550.897** | **131.479.062** | **317.879.081** |
| Kostnaðarverð seldra vara | 43.537.591 | 34.219.334 | 59.843.395 | 137.600.320 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður | 25.187.271 | 22.111.447 | 29.724.734 | 77.023.452 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.440.016 | 2.104.736 | 2.351.187 | 6.895.939 |
| **Rekstrargjöld** | **71.164.878** | **58.435.517** | **91.919.316** | **221.519.711** |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir | 35.684.244 | 21.115.380 | 39.559.746 | 96.359.370 |
| Afskriftir fastafjármuna | 4.459.597 | 4.417.747 | 4.945.535 | 13.822.879 |
| **Rekstrarhagnaður** | **31.224.647** | **16.697.633** | **34.614.211** | **82.536.491** |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (1.731.804) | 1.033.252 | 398.016 | (300.536) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | (3.208.710) | (1.168.138) | 1.428.451 | (2.948.397) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **26.284.133** | **16.562.747** | **36.440.678** | **79.287.558** |
| Tekjuskattur | (6.218.252) | (3.341.768) | (6.913.114) | (16.473.134) |
| **Hagnaður tímabilsins** | **20.065.881** | **13.220.979** | **29.527.564** | **62.814.424** |

Rekstur samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar - 30. september 2022 greinist þannig eftir ársfjórðungum:

| | 3 F 2022 | 2 F 2022 | 1 F 2022 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur | 79.257.118 | 67.088.086 | 100.567.036 | 246.912.240 |
| **Rekstrartekjur** | **79.257.118** | **67.088.086** | **100.567.036** | **246.912.240** |
| Kostnaðarverð seldra vara | 32.476.445 | 28.808.358 | 47.257.599 | 108.542.402 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður | 17.062.383 | 12.576.731 | 18.506.127 | 48.145.241 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.476.809 | 2.352.222 | 2.322.460 | 6.151.491 |
| **Rekstrargjöld** | **51.015.637** | **43.737.311** | **68.086.186** | **162.839.134** |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir | 28.241.481 | 23.350.775 | 32.480.850 | 84.073.106 |
| Afskriftir fastafjármuna | 2.777.567 | 3.141.156 | 3.060.509 | 8.979.232 |
| **Rekstrarhagnaður** | **25.463.914** | **20.209.619** | **29.420.341** | **75.093.874** |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (3.106.500) | 3.046.488 | 4.277.843 | 4.217.831 |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | (862.448) | (787.870) | 1.063.568 | (586.750) |
| Hagnaður af sölu hlutdeildarfélags | 0 | 70.204 | 183.254 | 253.458 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **21.494.966** | **22.538.441** | **34.945.006** | **78.978.413** |
| Tekjuskattur | (4.875.720) | (3.856.832) | (7.457.937) | (16.190.489) |
| **Hagnaður tímabilsins** | **16.619.246** | **18.681.609** | **27.487.069** | **62.787.924** |